



Læsisstefna Lundarsels - Pálmholts

Inngangur:

Við gerð læsisstefnu leikskólans Lundarsels er stuðst við Læsisstefnu leik- og grunnskóla Eyjafjarðar og áherslur um læsi í Aðalnámskrá leikskóla.

Grunnur að lestrarfærni barna hefst strax á fyrstu mánuðum barnsins, barnið hlustar, tekur eftir, bregst við hljóðum og svarar á sinn hátt. Hlutverk kennara er að ýta undir læsi með máli og samskiptum og hvetur þannig börnin til að tjá þarfir sínar og hugmyndir, spyr spurninga og tekur þátt í samræðum. Börnin fá tækifæri til að nýta sér ritað mál og tákni í umhverfinu.

Í Lundarseli leggjum við áherslu á læsi í víðum skilningi í gegnum leik, hópastarf, heimspeki, jafnrétti, sköpun, samveru, vettvangsferðir og daglegt starf.



Daglegt starf

Dagskipulag:

Við leggjum áherslu á myndrænt dagskipulag á hverri deild.

Dagskipulagið er kynnt fyrir börnum þannig að þau eiga að geta lesið út úr því sjálf, t.d. hvað kemur næst og þannig áttað sig á deginum.



Móttaka og brottför:

Við leggjum upp úr hlýlegum samskiptum við börn og foreldra í upphafi dags og við lok hans, að heilsa, kveðja og skiptast á upplýsingum. Börnin skrá sig inn í leikskólann með því að snúa við mynd sem er af þeim í fataherbergi, á bakhliðinni er upphafsstafur þeirra og nafn. Þau skrá sig svo út aftur þegar þau eru sótt (snúa við myndinni/nafninu). Á yngstu deildinni er plakat við hurð inn á deild með mynd og nafni barnanna á deildinni, þau velja vöngum með foreldrum sínum þegar þau koma og eru sótt. Þannig læra þau að tengja nafnið sitt við mynd af sér.



Fataherbergi:

Í fataherbergi leggjum við áherslu á að sinna börnunum í litlum hópum. Við nýtum tækifærið og setjum orð á athafnir og hluti og sköpum



umræður um veður/fatnað og fleiri áhugaverð mállefni. Áhersla er á að umhverfið ýti undir málþroska hvers barns, t.d. eru fatahólf barnanna merkt með nafni þeirra og börnin geta séð myndrænt hvernig þau klæða sig hvern dag.

Matartími:

Við matarborðið gefst gott tækifæri til málörvunar þar sem börn og kennarar spjalla saman um daginn og veginn. Þannig efla börnin samræðufærni sína, orðaforða og tjáningu sem er undirstaða lesskilnings. Við leggjum áherslu á að börnin bjóði til borðs, rétti matinn á milli og þakki fyrir sig í lokin.



Hvíld:

Öll börn leikskólans fara í hvíld. Þá er gjarnan hlustað á sögur og ævintýri sem stuðlar að auknum orðaforða og málskilningi. Með eldri börnum gefst tækifæri til samræðna og markvissrar málörvunar.

Leikur



Við leggjum áherslu á miklan og góðan frjálсан leik og þar gefst gott tækifæri fyrir börn að efla samskiptafærni sína. Börn skipuleggja leikinn, setja orð á athafnir og tjá hugsun sína og fá þannig tækifæri til að efla málþroska sinn í hvetjandi námsumhverfi. Kennari er til staðar sem styður við leik þeirra, veitir þeim aðgang að fjölbreyttu leikefni og hjálpar þeim að læra að leysa ágreining og þróa leik sinn áfram.

Einingakubbar:

Uppbyggilegur, skemmtilegur og þroskandi efniviður þar sem leikur með kubbana hvetur til samskipta milli barnanna og milli barna og fullorðinna.






Leikur að læra:



Kennsluaðferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt.

Hópastarf:

Í hópastarfi er unnið með málörvun í gegnum ýmis verkefni. Gott tækifæri gefst til samræðna og tjáningar. Markvisst er unnið með orðaforða og hugtakaskilning, rím, hljóðflokkun, bókstafi, samsett orð, orðhlutaeyðingu, samstöfun og hugtök. Endurtekning er mikilvæg í námi barna og því er unnið með þessa flokka aftur og aftur yfir veturinn.



Málauki á yngstu:

Á yngstu deild er markviss málörvun, kölluð málauki, fyrir öll börn 1x í viku og kemur í stað hópastarfs. Þá er unnið með alla þætti málsins, svo sem orðaforða, setningamyndum, bókstafi, rím, flokkun o.fl. Stuðst er við efni TRAS og Leikur að læra námsefnið.

Heimspeki:

Við leggjum áherslu á að virða og virkja forvitni barna og þjálfa þau í að taka virkan þátt í gagnrýninni samræðu sem mun nýtast þeim í námi sínu. Börnin fá tækifæri til að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og rökræða þær. Í heimspeki með börnum eru oftast lesnar smásögur eða bækur og þær síðan ræddar með opnum hug þar sem börnin þurfa að rökstyðja svar sitt. Kennarinn leiðir samræðuna og spyr opinna spurninga og gefur börnunum tíma í að hugsa svar sitt áður en þau svara. Að auki fléttast heimspekin inn í allt daglegt starf, leik, listir og vettvangsferðir.



Jafnrétti:



Í jafnréttisfræðslu er lesin bókina Þegar Rósa var Ragnar/Þegar Friðrik var Fríða. Þar er sýnt og frætt börnin að kyn á aldrei að hamla. Bókin er bútuð niður og er einungis farið yfir eina opnu í einu. Í jafnréttisfræðslu eiga sér stað heimspekilegar samræður þar sem reynir á rökhusun barnanna. Þá á leikskólinn í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri í jafnrétti þar sem t.d. stúlkum er boðið að skoða rafiðnaðarbrautina og byggingargreinar og drengjum boðið að skoða hársnyrtibraut og sjúkraliðabraut.

Samvera

Sögustund:

Í sögustund eru lesnar ýmist bækur eða loðtöflusögur. Söguformið miðast af aldri barnanna og eftir því sem börnin eldast því lengri og flóknari bækur er notast við. Stundum býr kennarinn til sögur eða leyfir börnunum að koma og segja sögur eða brandara. Jafnvel notast kennarinn við leikmuni.



Söngstund:

Áhersla er lögð á fjölbreytt lagaval. Það er einnig unnið með rím, þulur, nafnaleiki o.fl. Oft þegar verið er að kenna ný lög eru lögin sett upp í myndrænt form á loðtöflu til þess að auðvelda börnunum að læra erfiða texta. Lagaval barnanna miðast af aldri þeirra og eru kennd flóknari lög eftir því sem þau eldast.



Veðurfræðingur:



Í samverustund skiptast börnin á að vera veðurfræðingur. Það er rætt um veðrið þann daginn, hvaða klæðnað þarf, hvaða dagur er, mánuður og árstíð. Umræðan er sett upp myndrænt í lesátt. Börnin læra að lesa í umhverfið.

Póstkassinn:

Póstkassar eru á öllum eldri deildum og eru foreldrar hvattir til að aðstoða barn sitt við að skrifa bréf og setja í póstkassann. Bréfið er síðan lesið í samverustund og svo sett möppu barnsins.



Lubbi og málbeinið: Kennsluefnið Lubbi er notaður í stafakennslu á öllum deildum. Lubba plakat hangir uppi á vegg á öllum deildum. Þá er stuðst við Lubbabein í fataherbergi sem sýnir tákn og staf á beininu og mynd af viðeigandi flík sem á þann staf sem er á beininu. Markviss stafakynning er á þremur eldri deildum leikskólans í hverri viku. Börnunum eru kynntir bókstafir og hljóð þeirra, velt vöngum yfir því hvaða orð eiga hvaða staf, fyrsta hljóð í orði og síðasta hljóð í orði. Stafirnir hafðir sýnilegir svo oft skapast tækifæri til umræðna um þá. Unnið með tölustafi og talnaskilning. Þá eiga öll börn á elstu deild sína eigin stafabók sem þau skrifa og teikna í. Á yngstu deild er ómarkvisst unnið með stafi og tölur en lögð áhersla á að þau þekki a.m.k. sinn staf. Mikið leikið með stafina.

Lærum og leikum með hljóðin: Samanstendur af fjölbreyttu framburðarefni sem gengur út á að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Notað í sérkennslu, samveru og með fáum börnum í einu.



Sköpun:

Við leggjum áherslu á skapandi starf. Að vera skapandi er að fá hugmyndir og vera frumlegur. Í sköpun fá börnin tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt í orðum, táknum og hreyfingu. Þau ná að tjá tilfinningar sínar, um upplifanir sínar og skoðanir og hlusta á aðra og deila sínum vangaveltum. Í sköpun gefst tækifæri til að vinna með tákn, teikna, skrifa og æfa fínhreyfingar. Kennarar virða sköpunarferli barnsins meir en útkomuna.



Vettvangsferðir/samstarf:

Allar eldri deildir fara markvisst í vettvangsferðir einu sinni í viku. Farið er í strætó, gengið um hverfið, í vinnustaðaheimsóknir eða á söfn. Markmiðið er að geta lesið í nánasta umhverfi og náttúru. Börnunum gefst tækifæri til að læra staðarhætti og þegar heim er komið er vinnu haldið áfram að einhverju leyti.



Á vormánuðum fara börn af yngstu deild í gönguferðir um hverfið og kynnast þau þannig nánasta umhverfi og náttúru.

Söngvaflóð:

Söngvaflóð er samstarfsverkefni Tónlistarskólans á Akureyri við leik- og grunnskóla Akureyrar. Tónlistarkennari kemur og stjórnar stundinni. Læsi í gegnum söngvaflóð birtist í þeirri mynd að börnin eru að læra þjóðþekkt lög og gamlar vísur. Börnin læra jafnvel orðalag sem þau eru ekki vön að nota í daglegu tali og gefst þá oft tækifæri fyrir samræður þegar verið er að læra textana.

6. bekkur Lundarskóla kemur og les:

Tvisvar sinnum yfir veturinn koma nokkrir krakkar úr 6. bekk Lundarskóla að lesa fyrir börnin. Börnin þjálfast í hlustun, einbeitingu og tillitsemi.



SMT, agastefna:

Í leikskólanum er unnið með agastefnu SMT sem leggur áherslu á að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Við leggjum inn þrjár grunnreglur; fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota innirödd sem gilda á öllum svæðum og í öllu starfi leikskólans. Að auki læra börnin fleiri reglur sem gilda á ákveðnum svæðum. Innlögn reglna



hefst á haustin og eru þær kenndar yfir veturinn. Reglurnar eru einfaldar, nákvæmar og segja til hvers er ætlast. Þær eru sýnilegar á veggjum og kenndar með sýnikennslu, dæmum og æfingum.

Rafræn tækni:

Ipad er notaður í hófi. Hann er notaður í sérkennslu og þá öpp og forrit sem eru þroskandi og sem bjóða upp á kennslu í málörvun. Einnig er hann notaður inni á deildum með viðeigandi þroskandi öpp.

Matstæki:

Við erum vakandi fyrir málnotkun barnanna strax við upphaf leikskólagöngu. Við grípum strax í snemmtæka íhlutun þar sem hún er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinnáms og getur þannig komið í veg fyrir námserfiðleika síðar meir. Við fylgjumst með framförum barnanna með því að nota TRAS sem er markvisst skráningartæki á málþroska ungra barna og Hljóm-2 sem er greiningartæki til að meta hljóðkerfisvitund elstu barnanna með það að markmiði að greina þau börn sem gætu átt í lestrarerfiðleikum síðar meir.